Til baka Prenta

# Oddi bs - 4

**Haldinn Suðurlandsvegi 1-3,**
**6.6.2016 og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:** Þorgils Torfi Jónsson, Egill Sigurðsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Sólrún Helga Guðmundsdóttir, Nanna Jónsdóttir og Ágúst Sigurðsson

**Fundargerð ritaði:** Ágúst Sigurðsson

Klara Viðarsdóttir sat fundinn undir lið 2.

**Dagskrá:**

## Fundargerðir til staðfestingar

### 1. 1603011F - Fræðslunefnd Rangárþings ytra og Ásahrepps - 10

**Niðurstaða fundar:**

Tillaga er um að staðfesta fundargerð Fræðslunefndar.

Samþykkt samhljóða.

## Almenn mál

### 2. 1605026 - Rekstraryfirlit Oddi 23052016

*Yfirlit um rekstur Odda bs jan-apr.*

**Niðurstaða fundar:**

Farið var yfir tölur úr rekstri til loka maí 2016.

### 3. 1603046 - Yfirlit um fjölda rýma á leikskólum Odda bs.

*Fjöldi í árgöngum.*

**Niðurstaða fundar:**

Lagðar voru fram tölur um fjölda í árgöngum til kynningar. Ljóst að um fjölgun er að ræða í leikskólunum. Rætt var um mögulegar útfærslur en ÁS í félagi við skólastjóra falið að útfæra tillögur til skoðunar á næsta fundi Odda bs.

Samþykkt samhljóða.

### 4. 1512030 - Vinnureglur stjórnar Odda bs

*Útfærsla á fræðslunefnd - hugmyndir til umræðu.*

**Niðurstaða fundar:**

Samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna frá því í desember lýkur umboði fræðslunefndar á fyrra formi nú í júní. Tillaga er um að fyrirkomulag fræðslunefndar verði með þeim hætti að stjórn Odda og áheyrnarfulltrúar starfsmanna og foreldra myndi nefndina og fundir verði á fyrirfram ákveðnum dögum tvisvar á skólaári. Aukafundir verði síðan eftir þörfum.

Samþykkt samhljóða.

Ákveðið að undirbúa vinnufund stjórnar Odda þann 15 ágúst n.k. Næsti stjórnarfundur Odda bs er ráðgerður 27. júní n.k.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15**

Til baka Prenta